

**Ed.**

**241. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í þeim skólahjeruðum, utan kaupstaða, þar sem eru heimangönguskól-  
ar eða settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir  
samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjersins á skóla-  
skyldualdri njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd

veiti undanþágu. Heimilt er þó að ákveða í reglugerð skólans, að þessi skóla-  
skylda skuli einungis ná til 12–14 ára barna, enda sje þá yngri börnum sjeð  
fyrir lögskipaðri fræðslu á annan hátt.

### 2. gr.

Geti fræðslunefnd sjeð öllum börnum fræðsluhjeraðs á aldrinum 10–  
14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu farskólalaust, með eftirlitskennara eða með  
eftirliti sóknarprests eða á annan hátt, er henni það heimilt.

### 3. gr.

Sóknarprestum skal skylt að hafa eftirlit með barnafræðslu, hverjum  
í sinu prestakalli, í samráði við skólanefndir og fræðslunefndir, eftir því sem  
önnur embættisstörf þeirra leyfa. Þeir skulu vera prófdómendur við barna-  
próf, hver í sinu prestakalli, en þó skipar yfirstjórn fræðslumála sjerstaka  
prófdómendur, auk prestanna, við barnapróf í kaupstöðum og annarsstaðar  
þar sem fjölment er, svo og þar sem prestslaust er eða prestaköll mjög við-  
lend, eftir því sem henni þykir þörf.

Sóknarprestum ber engin sjerstök borgun fyrir störf samkvæmt þess-  
ari grein.